

Verkjalyfjanotkun á Íslandi

Lyf sem stilla verki er fjölbreytilegur hópur með ólíka efnasamsetningu og eiginleika. Sum þeirra lina verki með því að hafa áhrif á taugaboð, önnur lyf sem draga úr verkjum víkka æðar, slaka á vöðvum eða minnka bólgu sem getur verið orsök verkja.

Samkvæmt ATC-flokkunarkerfi lyfja eru flest lyf sem lina verki í flokkunum N02 (verkjalyf) og M01 (bólgueyðandi lyf og gigtarlyf). Lyf sem lina, t.d. taugaverki eða brjóstverk sem stafar af hjartaöng eru í öðrum ATC-flokkum.

Eiginleg verkjalyf (N02) hafa bein áhrif á taugaboð verkja. Í þessum flokki eru ópíóíðar, verkjalyf sem eru hitalækkandi eins og parasetamól og mígrenilyf. Stundum eru þessi lyf gefin í blöndum eins og í einu algengasta verkjalyfi sem notað er hér á landi sem er blanda af kódeini (ópíóíð) og parasetamóli.

Annar stór flokkur lyfja sem dregur úr verkjum eru bólgueyðandi lyf (M01).

Í þessum tveimur flokkum lyfja, M01 og N02, eru mörg lyf sem seld eru í lausasölu t.d. verkjalyfið parasetamól (N02BE01) og bólgueyðandi lyfið íbúprófen (M01AE01).


Þegar samanburður er gerður á notkun lyfja frá ári til árs eða við önnur lönd er nauðsynlegt að hafa í huga mismunandi reglur í samanburðarlöndum, aðgengi að lyfjum og verðlagningu, hvaða lyf eru seld án lyfseðils og hversu mikið magn má selja í einu. Úrval lyfja er mismunandi og einnig eru aðgengileg gögn um lyfjasölu ekki fullkomlega sambærileg.

Á árinu 2012 var heimilað að auka það magn af lyfjum sem innihalda íbúprófen og selja má án lyfseðils á Íslandi í 50 stk. af 400 mg styrk. Í Danmörku er 200 mg 100 stk. í lausasölu en í Noregi 400 mg 20 stk. Um svipað leyti var minnkað það magn af lyfjum sem innihalda kódein og selja má án lyfseðils í Danmörku en kódein var tekið úr lausasölu á Íslandi árið 2005.

Verkjalyf (N02)

Í þessum flokki lyfja eru ópíóíðar (N02A), lyf sem innihalda salisýlsýru (N02B, önnur verkjalyf og hitalækkandi lyf) og mígrenilyf (N02C).


Mynd 1.



Ópíóíðar (N02A)

Hluttur ópíóíða vegur þyngra í verkjalyfjanotkun Íslendinga en Dana og Norðmanna og hefur orðið breyting á því á síðustu árum. Árið 2009 var heildarsala ópíóíða minnst á Ísland er nú (2013) mest.

Mynd 2.




Á 5 ára tímabili hefur sala ópíóíða aukist um 11,4% á Íslandi en um 1,5% í Danmörku og dregist saman um 5,3% í Noregi.

Náttúrulegir ópíóíðar, N02AA


Stærsti flokkur ópíóíða eru náttúrulegir ópíóíðar. Í þessum flokki eru morfín og skyld lyf og kódeín í blöndum. Athyglisvert er að Norðmenn nota mest í þessum flokki, sem skýrist af mikilli notkun þeirra af N02AA59 sem er kódeín í blöndum. Í Danmörku er kódeín með salisýlsýru (N02BA51) í lausasölu. Lyf í þeim flokki eru ekki lengur á markaði á Íslandi og í Noregi.

Mynd 3.



Kódein í blöndum, N02AA59

Í þessum flokki lyfja er algengast að hver tafla innihaldi 30 mg kódein ásamt 500 mg af parasetamóli.




Hér er notkun Norðmanna mest enda ekki annar styrkleiki þessarar blöndu á markaði þar ólíkt því sem er í Danmörku og á Íslandi.

Aðrir ópíóíðar N02AX

Í þessum flokki er tramadól (N02AX02) langmest selda lyfið. Í upphafi árs 2013 voru lyf sem innihalda tramadól gerð eftirritunarskyld á Íslandi. Á Norðurlöndum gilda mismunandi reglur um eftirlit með notkun þessara lyfja.


Mynd 4.



Önnur verkjalyf og hitalækkandi lyf, N02B

Í þessum flokki lyfja eru m.a. salísýlsýruafleiður og parasetamól og blöndur af þeim með t.d. kódeini. Í Danmörku eru lyf sem innihalda salísýlsýru og kódein í lausasölu (N02BA51) en á síðustu árum hefur magn sem selja má í hverri afgreiðslu verið minnkað. Í Noregi er engin notkun á lyfjum í flokkunum N02BA51 og N02BE51.

Mynd 5.




Bólgueyðandi lyf og gigtarlyf M01

Í flokki bólgueyðandi lyfja og gigtarlyfja eru nokkur lyf sem seld eru án lyfseðils, díklófenak, íbúprófen og naproxen. Heildarsala í þessum flokki árið 2013 var umtalsvert meiri á Íslandi en í Noregi og Danmörku.


Flokkar M01AB og M01AE vega þyngst í flokki bólgueyðandi lyfja og gigtarlyfja eða yfir 80% í öllum þremur löndunum, mest díklófenak og íbúprófen.

Mynd 6.



Á Íslandi eru 47% bólgueyðandi lyfja og gigtarlyfja seld án lyfseðils og 52% ef aðeins er reiknað með flokkunum M01AB (t.d. díklófenak) og M01AE (t.d. íbúprófen og naproxen).

Mynd 7.



Er notkun verkjalyfja og bólgueyðandi lyfja mikil á Íslandi?


Spurningu sem þessari er aðeins hægt að svara með samanburði. Hægt er að mæla aukningu/minnkun í notkun þessara lyfja frá ári til árs og bera notkunina saman við notkun annara þjóða.

Allan samanburð verður þó að skoða í ljósi breytinga sem gerðar eru í lyfjamálum og mismunandi aðstæðna í hverju landi fyrir sig. Framsetning gagna um lyfjasölu er með ólíkum hætti og varhugavert að bera saman sölu í einstökum flokkum þar sem úrval lyfja er ekki sambærilegt.

Heildarnotkun Íslendinga á verkjalyfjum er mun minni en Dana og örlítið minni en Norðmanna (sjá mynd 1) en ópíóíðar vega þyngra í verkjalyfjanotkun Íslendinga en Norðmanna og Dana (sjá mynd 2). Notkun Íslendinga á tramadolí er minni en Dana en meiri en Norðmanna (sjá mynd 4). Norðmenn nota aftur á móti mun meira af lyfjum í flokki N02AA59 (kódeini í blöndum). Íslendingar nota meira af bólgueyðandi lyfjum og gigtarlyfjum en Norðmenn og Danir og um 50% af sölu þessara lyfja er án lyfseðils hér á landi.

Samanlögð sala lyfja í flokki M01 og N02 hefur aukist á Íslandi á 5 ára tímabili um 6,4% mælt í DDD/1.000 íbúa á dag, úr 127,2 árið 2009 í 135,3 árið 2013. Á sama tíma hefur hún aukist í Noregi um 2,4% en í Danmörku hefur hún minnkað um 7,4% (sjá mynd 8).

Mynd 8.



Á Íslandi námu lausasölulyf í þessum flokkum 37% árið 2009 en 41% árið 2013. Mestu munar um aukningu á lyfjum sem innihalda íbúprófen (M01AE01). Árið 2009 voru 67% íbúprófen lyfja seld án lyfseðils en 75% árið 2013.